

Ef skjótra aðgerða er þörf vegna hættuástands er heimilt að rjúfa innsigli, en þá skal viðkomandi, eigi síðar en næsta virkan dag á eftir tilkynna hitaveitunni skriflega málsatvik.

Veiti notandi eða rafverktaki því athygli, að innsigli sé rofið eða vanti, er hann skyldur að tilkynna hitaveitunni slíkt án tafar.

Ef maður rýfur innsigli hemils eða annars mælitækis án gildrar ástæðu, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

50. gr.

Heimilt er að krefja húseiganda um greiðslu aukakostnaðar, vegna lagningar heimtaugar/heimæðar, sem að hans ósk er lögð í frosna jörð.

51. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari, svo og gjaldskrá settri samkvæmt henni, má innheimta með fjárnámi.

52. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

53. gr.

Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað, samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt. Er hitaveitunni þá heimilt að láta vinna það, ef þörf krefur, á kostnað þess aðila. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar, en innheimta síðan hjá viðkomandi aðila með lögtaki, ef þörf krefur, samanber 76. gr. orkulaga nr. 58 frá 29. apríl 1967.

54. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

55. gr.

Með þessari reglugerð fellur úr gildi eldri reglugerð nr. 89/1990 um Hitaveitu Suðurnesja.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum um Hitaveitu Suðurnesja nr. 100 frá 31. desember 1974 með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. mars 1997.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ingimarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Neskaupstað.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Neskaupstað skal vera kr. 6.700 á ári.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera kr. 3.000 í fyrsta sinn og kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 21. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Kirkjusand í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur umhverfissráðherra þann 17. október 1996 staðfest breytingu á staðfestu deiliskipulagi við Kirkjusand frá 30. nóvember 1990.

Breytingin felst í því að lóð nr. 89 við Laugarnesveg er breytt á þann veg að hún skiptist í tvennt eða Kirkjusand 1 - 5 og Laugarnesveg 89. Skipulag lóðarinnar nr. 89 við Laugarnesveg verður óbreytt eftir breytinguna, en á lóðinni nr. 1 - 5 við Kirkjusand rísa þrjú 5 - 6 hæða íbúðarhús í stað 2 - 4 hæða iðnaðarhúsa.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa og mælir með staðfestingu hennar.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 550 frá 17. október 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 21. mars 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð verkalýðsfélaga á Suðurlandi.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

- 1.1. Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður verkalýðsfélaga á Suðurlandi. Heimili hans og varnarþing er á Selfossi.

2. Hlutverk sjóðsins.

- 2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.